

GJALDSKRÁ

um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorpirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þ.m.t. ferðaþjónustuaðilar.

Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

a.	Íbúðir		kr. 13.100
b.	Lögbýli		
	Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:		
		Eyðing	Hirðing
	Flókkur b1	kr. 4.900	4.900
	Flókkur b2	kr. 9.800	9.800
			19.600
c.	Fyrirtæki		
	Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:		
			kr.
	Flókkur c1		13.100
	Flókkur c2		39.300
	Flókkur c3		78.600
	Flókkur c4		157.200
d.	Frístundahús, sorpeyðingargjald		4.500

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorpirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins hjá fyrirtækjum og við frístundahús.

4. gr.

Auk árlegs sorphreinsunargjalds leggur sveitarstjórn á sorpeyðingargjald vegna leyfis skyldra framkvæmda í Skaftárhreppi. Gjaldið er lagt á hverja framkvæmd skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

a.	Nýbyggingar	kr./m ³	27
b.	Viðhald og endurbætur		
	Flókkur b1	kr.	5.500
	Flókkur b2	kr.	16.500

Flokkur b3	kr.	55.500
c. Rif á mannvirkjum	kr./m ³	27

Áður en leyfi er veitt skv. a. og c. skal áætla magn úrgangs sem til fellur og sorp-eyðingargjald skal greitt skv. þeirri áætlun. Sveitarstjórn skipar framkvæmdum í flokka skv. b. Við flokkun er miðað við umfang framkvæmdar og áætlað magn úrgangs.

5. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja og framkvæmdaraðilar geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt b- og c-lið 3. gr. og b-lið 4. gr. og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákvarða flokkun ef ástæða þykir til.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Kirkjubæjarklaustri, 16. janúar 2006.

F.h. sveitarstjórnar,

Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri.